Valreglur fyrir stórmót og alþjóðleg verkefni

2026-2027

Snjóbretti/skíðafimi

Markmið

Markmið þessara viðmiða er að tryggja skýrt og sanngjarnt verklag við val iðkenda á stórmót, alþjóðleg mót og önnur verkefni á vegum snjóbrettanefndar.

HM fullorðinna

Iðkendur sem hafa náð lágmörkum fyrir þátttöku á HM fullorðinna koma til greina til þátttöku.
Ef fjöldi þátttökusæta er takmarkaður skulu sterkustu keppendur Íslands hverju sinni hafa forgang, að teknu tilliti til árangurs, stiga og stöðu iðkenda.
Endanlegt val er í höndum snjóbrettanefndar.

HM unglinga

Iðkandi sem er í A- eða B-landsliði hefur heimild til þátttöku á HM unglinga, að því gefnu að hann uppfylli önnur skilyrði mótshaldara.
Snjóbrettanefnd tekur þó ákvörðun ár hvert um hvort farið verði á HM unglinga sem verkefni á vegum SKÍ.
Ef gert er ráð fyrir að SKÍ sendi þjálfara með í verkefnið og/eða styrki þátttöku iðkanda, skal umfang slíks stuðnings metið sérstaklega fyrir hvert ár með hliðsjón af aðstæðum, fjármagni og öðrum verkefnum.

Heimsbikarmót (World Cup)

Iðkandi sem hefur náð tilskildum lágmörkum fyrir þátttöku í heimsbikarmóti má keppa á mótinu, að því gefnu að sæti sé í boði samkvæmt kvóta Íslands.
Ef sérstakar aðstæður skapast, til dæmis vegna forfalla annarra keppenda, getur snjóbrettanefnd heimilað þátttöku iðkanda sem hefur ekki náð fullum lágmörkum.
Slík undanþága kemur þó aðeins til greina ef iðkandinn er að hámarki 10 WSP-stigum frá gildandi lágmörkum.
Miðað við að lágmarkið sé 290 WSP-stig, þarf iðkandi því að vera með að minnsta kosti 280 WSP-stig til þess að snjóbrettanefnd geti tekið undanþágubeiðni til skoðunar.
Undanþága er ekki sjálfvirk þótt iðkandi uppfylli þetta skilyrði. Snjóbrettanefnd metur hvert tilvik sérstaklega og tekur endanlega ákvörðun um þátttöku.

Evrópubikarmót (E-Cup)

Iðkendur sem hafa náð þeim lágmarksstigum sem krafist er til þátttöku í E-Cup mega keppa á mótunum.

Ef fjöldi þátttökusæta er takmarkaður vegna kvóta skulu iðkendur í landsliði hafa forgang og/eða tekið mið af stöðu á heimslista.

Þátttaka landsliðsmanna skal þó tilkynnt og skipulögð með hæfilegum fyrirvara. Landsliðsmaður getur því ekki sjálfkrafa tekið sæti af öðrum iðkanda sem hefur þegar skipulagt og staðfest þátttöku sína með tilskildum fyrirvara.

Snjóbrettanefnd skal leitast við að tryggja fyrirsjáanleika og sanngirni við úthlutun kvótasæta.

Önnur alþjóðleg verkefni

Þegar um er að ræða önnur alþjóðleg verkefni, svo sem FIS-æfingabúðir, æfingaferðir eða sambærileg verkefni, velur snjóbrettanefnd þá iðkendur sem taka þátt fyrir hönd SKÍ.

Við val getur nefndin meðal annars tekið mið af árangri, getu, framförum, stöðu iðkanda, markmiðum verkefnisins og framtíðarmöguleikum.

Þátttaka á Snjóbrettamóti Íslands

- Keppendur sem taka þátt í stórmótum á vegum SKÍ í snjóbrettum skulu taka þátt í Snjóbrettamóti Íslands.

Almenn ákvæði

Snjóbrettanefnd fer með endanlega ákvörðun um val og þátttöku iðkenda í þeim verkefnum sem falla undir þessi viðmið.

Þar sem kvóti eða fjöldi sæta er takmarkaður skal val byggjast á fyrirfram skilgreindum viðmiðum og leitast skal við að ákvarðanir séu teknar með eins góðum fyrirvara og kostur er.

Viðmiðin skulu endurskoðuð eftir þörfum, meðal annars þegar breytingar verða á reglum FIS, lágmörkum, kvótum eða fyrirkomulagi alþjóðlegra móta.